



322. Stjórnarfundur haldinn 20. nóvember 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Eðvarði Jónssyni v/ ritun á sögu félagsins þar sem hann sendir okkur kaflann um Hafstein Guðmundsson og hvernig ritið muni líta út. **Sent í tölvupósti á stjórnarmenn.**

Tölvupóstur frá menntamálaráðherra v/úrræða um sálrænan stuðning. **Framsent í tölvupósti á alla stjórnendur félagsins.**

Fundargerð 36. sambandsráðsfundar UMFÍ.

Bréf frá UMFÍ v/ samþykktar 45. sambandsþings UMFÍ um skipan í landsmótsnefnd.

Bréf frá UMFÍ v/ félagsmálafræðslu UMFÍ „**Sýndu hvað í þér býr!**“ dagskrá fylgir með.

3. Send bréf.

Engin.

4. Íþróttamaður Keflavíkur.

Ákveðið er að halda hóf 29. desember kl.20:00 2008 í félagsheimili okkar að Hringbraut 108 til að útnefna íþróttamann Keflavíkur og íþróttamann viðkomandi deilda.

5. Félagsheimili Keflavíkur.

Skrifað hefur verið undir verktakasamning (alútboð) við Hjalta Guðmundsson ehf og er ráðgert að hann skili húsinu í ágústlok 2009. Félagið verður áttíu ára þann 29. september 2009. Mikilvægt er að þessi tímasetning standist. Aðalstjórn óskar Hjalta Guðmundssyni ehf velfarnaðar með framkvæmd byggingarinnar.

6. Jólblaðið.

EH skýrði frá stöðu á skilum vegna greinaskrifa í blaðið. Áætlað að blaðið komi út um miðjan desember.

7. Önnur mál.

EH greindi frá málþingi sem hann sat 14. nóv. á Grand Hóteli, sem bar yfirheitið „**ESKAN Á ÓVISSUTÍMUM**“

EH greindi frá því að greiðsla á styrk RNB/ÍRB v/ þjálfunarstyrks barna yngri en 18 ár er tilbúinn til greiðslu.

Rætt um ef verður greiðslufall hjá iðkendum á æfingargjöldum og hvernig skuli bregðast við því. Taka þurfi upp tilkynningarkerfi, þar sem gætt verði fyllsta trúnaðar.

Næsti fundur 3. des. kl.17:05

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:10

Fundinn ritaði SG



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

